

Stjórnarfundur Geðhjálp

1. apríl 2025 kl. 16:00

Mætt: Svava Arnardóttir, Elín Ebba Ásmundsdóttir, Jón Ari Arason, Birgir P. Hjartarson, Hallgrímur Hrafnsson, Guðrún Þórsdóttir (Teams), Sigrún Sigurðardóttir (Teams) og Grímur Atlason sem ritaði fundargerð.

Dagskrá

1. Óformlegur hringur

Þar sem þetta er fyrsti fundur nýrrar stjórnar þá leggur formaður til að farinn verði óformlegur hringur þar sem fundarfólk kynni sig og segi aðeins deili á sér.

2. Fundargerð frá 4. mars sl.

Lögð fram og samþykkt.

3. Fundargerð aðalfundar 25. mars sl.

Lög fram og samþykkt.

4. Skýrsla framkvæmdastjóra

Framkvæmdastjóri fór yfir helstu verkefni frá síðasta fundi. Ræddi m.a. um stöðu ungs fólks með geðvanda og einhverfu greiningar sem virðast ekki fá viðeigandi þjónustu á Íslandi – hvorki frá nær þjónustunni (félagsþjónusta) eða heilbrigðiskerfinu. Hópur aðstandenda hefur verið í sambandi og mun hópurinn hitta framkvæmdastjóra ásamt lögmanni til að meta hversu alvarlegur þessi þjónusta brestur er og hvaða skref geti verið næst. Framkvæmdastjóri upplýsir stjórn þegar lögmaður hefur farið yfir málið og hugsanlegar tillögur frá honum.

5. Verkaskipting stjórnar fram að næsta aðalfundi

Formaður leggur til að Elín Ebba Ásmundsdóttir verði varaformaður, Sigmar Þór Ármannsson gjaldkeri og Sigurborg Sveinsdóttir ritari. Samþykkt.

6. Samskiptasáttmáli og starfsreglur stjórnar

Lagðar fram til kynningar og samþykktar. Samþykkt og undirritað af fundarfólki.

7. Fundir stjórnar fram að næsta aðalfundi

Formaður leggur til að stjórnarfundir verði á miðvikudögum kl. 16:00 á fjögurra vikna fresti fram að sumarfrí stjórnar. Eftir sumarfrí haldi þetta fyrirkomulag áfram. Samþykkt.

SS AA GMA SA

8. Fræðsluferð framkvæmdastjóra til Hollands og Hallgríms á Care farms í Hollandi

Framkvæmdastjóri sagði frá fræðsluferð til Hollands með fulltrúum frá velferðarsviði Reykjavíkur, geðsviði Landspítalans og heilbrigðisráðuneytinu. Skoðuð voru félagsleg úrræði og geðúrræði í Groningen og Amsterdam. Hópurinn sem fór út mun taka saman minnispunkta og jafnvel koma á fund stjórnar.

Care farms í Hollandi – Hallgrímur sagði frá ferð til Hollands þar sem hann var að skoða þessa staði sem eru byggðir á jafningjanálgun. Hópurinn fer að skoða sambærileg úrræði í Írlandi.

9. Fundur varaformanns í Ósló

Varaformaður segir frá málþingi sem haldið var að frumkvæði norskra stjórnvalda í tengslum við aðrar hugmyndir þegar kemur að heilsugæslu og félagsþjónustu. Áherslan á listsköpun og menningartengda þátttöku sem valkost þegar lyfjamiðaðar aðferðir og leiðir innan sálfræðinnar sem ekki hafa skilað árangri til þessa. Nú er verið að rannsaka þetta í Svíþjóð og þegar niðurstöður liggja fyrir mun varaformaður fá aðgang að þeim.

10. Leið úr brjálæði – þýðing á bók Daniel Meckler og Matthew Morrissey

Formaður sagði frá bókinni Leið úr brjálæði sem Hrannar Jónsson, fyrrverandi formaður Geðhjálp, hefur þýtt.

11. Ráðstefnan „Þörf á samfélagsbreytingum (Social change)“

Formaður segir frá ráðstefnunni.

12. Önnur mál

- a) Formaður segir frá tveimur bókum sem Geðhjálp fékk að gjöf frá Safnasafninu. Bækur um listamennina GÍU og Ingvar Ellert.
- b) Formaður og framkvæmdastjóri fara á fund félags- og vinnumarkaðsráðherra miðvikudaginn 2. apríl nk.
- c) Birgir nefnir alþjóða geðheilbrigðisdaginn 10. október og hugsanlega aðkomu Geðhjálp.

Fundi slitið kl. 17:40.

Seymour Guind
Gili Guðmund
Svein Arnard.
fórnir